

Alþingi – Nefndarsvið
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2023

Efni: Umsögn um mál 226, frumvarp um breytingu á tóbaksvarnarlögum (6/2002) og innleiðingu tóbakstilskipunar 2014/40/ESB og 2014/109/ESB.

Rolf Johansen & Co (RJC) vill koma eftirfarandi á framfæri um breytingu á tóbaksvarnarlögum og innleiðingu tóbakstilskipunar 2014/40/ESB [hér eftir nefnd „tilskipun“] og 2014/109/ESB.

1. Í tilskipuninni var kveðið á um aðlögunartímabil fyrir tóbaksvörur með einkennandi bragði

Tilskipunin tók gildi 19. maí 2014 og almennt bann við bragðbættu tóbaki tók gildi 20. maí 2016 (31. gr. tilskipunarinnar). Jafnframt heimilaði tilskipunin að allar bragðbættar tóbaksvörur sem settar voru á markað fyrir 20. maí 2016 yrðu seldar til 20. maí 2017 (gr. 30.a. tilskipunarinnar). Hins vegar er gr. 7(14) tilskipunarinnar var kveðið á um að „Ef um er að ræða tóbaksvörur með einkennandi bragði, þar sem sölumagn alls sambandsins er 3% eða meira í tilteknum vöruflokki, skulu ákvæði þessarar greinar gilda frá 20. maí 2020“.

Með öðrum orðum er eins árs aðlögunartímabil fyrir allar tóbaksvörur með einkennandi bragði tilgreint í tilskipuninni. Fyrirvari um t.a.m. mentól tóbak er þannig gerður miðað við sölumagn þess. Ennfremur undirstrikar tilskipunin mikilvægi aðlögunartímabils fyrir tóbaksvörur með einkennandi bragði til að gefa neytendum nægan tíma til að skipta yfir í aðrar vörur, afstaða sem er sett fram í inngangsorðum tilskipunarinnar þar sem fram kemur sú pólitíska skoðun að „< ...> vörur með einkennandi bragði með hærra sölumagni ættu að vera hætt í áföngum yfir langan tíma til að gefa neytendum nægan tíma til að skipta yfir í aðrar vörur“.

Með vísan til framangreinds og skýr skortur á aðlögunartíma í frumvarpsdrögum viljum við vekja athygli á því að frumvarpsdrögin eru ekki í samræmi við tilskipunina. Við viljum því leggja áherslu á mikilvægi þess og samræmi við tilgang tilskipunarinnar að tryggja jafna og sanngjarna framkvæmd.

Með hliðsjón af markaðshlutdeild menthol vindlinga, sem er í kringum 23,5% og að rík hefð er á Íslandi fyrir menthol samanborið við evrópu þá væri vel til þess fallið ásamt því að gæta að óhlutfallslegu jafnvægi milli Íslands og evrópu að menthol væri undanskilið úr þessum drögum að frumvarpi til laga. Ellegar, til vara væri aðlögunartíminn mjög langur til að tryggja jafna og sanngjarna framkvæmd. Öll önnur nálgun væri óréttmæt og óhófleg.

Ekki liggja fyrir vísbendingar að t.d. menthol er áhrifavaldur umfram skiptingu á milli bragðeiginleika á markaðnum.

Ef litið er til kynjahlutfalla, þá hefur tilfinningin verið sú að drög þessi að frumvarpi munu halla töluvert meira á kvenkyn en karlkyn.

2. Skilgreining á „einkennandi bragði“ ætti að vera í samræmi við tilskipunina

Í tilskipuninni er „einkennandi bragð“ skilgreint sem „<...> greinilega áberandi lykt eða bragð <...>“ (t.d. á dönsku: „fremtrædende duft eller smag“ og norsku: „klart merkbar lukt eller smak“). Við þýðingu

tilskipunarinnar yfir í íslenskt réttarfar er mikilvægt að þýðingin sé í samræmi við upprunalegt orðalag til að koma í veg fyrir misskilning og rými fyrir rangtúlkunir þegar ný lög taka gildi á Íslandi. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar verið er að þýða skilgreiningar sem venjulega eru háðar mörgum túlkunum.

Í núverandi ástandi teljum við skilgreiningu á „einkennandi bragði“ í frumvarpsdrögum frábrugðna þeirri sem er í tilskipuninni, sem getur breytt merkingu skilgreiningarinnar og einnig þeirri túlkun í þá íslenskum lögum. Við viljum því leggja áherslu á mikilvægi þess að endurskoða skilgreiningu á „einkennandi bragði“ í frumvarpsdrögum þannig að hún samsvari betur skilgreiningunni sem kveðið er á um í tilskipuninni. Hafa ber í huga að bragð eða bragðefni er ekki bannað heldur er verið að vísa til einkennandi bragðs í tilskipuninni. Ef skilgreiningin er ekki nógu nákvæm getur það haft lagalegar afleiðingar, sem við ættum að forðast eins og mögulegt er. Því er einnig mikilvægt að mælikvarði verði settur á einkennandi bragð til að hafa þennan lið skýran.

3. Fjárhagsleg áhrif

Í texta með frumvarpinu er sagt um lágmarksbreytingu er að ræða, en þó ber að hafa í huga áhrif frumvarpsins á tóbaksgjaldið sem myndi lækka um 1,1 milljarð auk virðisaukaskatts að lágmarki 250 mkr.

4. Merking og umbúðir

Breytingartillaga í þessum drögum, samanborið við núverandi lög, leggur til víðtækari heimild ráðherra að setja í reglugerð(-ir), sem sumpart getur verið eftir geðþóttaákvörðun ráðherra, breytingu á útliti einingarpakka, þyngd pakkinga, stærð þeirra og lögun. Slíkar ákvarðanir eiga að vera á vegum Alþingi Íslendinga þar sem t.d. er verið að ræða takmörkun og skerðingu á vörumerkjaeign sem hefur ekkert með viðvörunarmerkingar og staðsetningar þeirra að gera sem nú er að finna í tilskipuninni. Hér er því lagt til að núverandi lagagrein standi óbreytt samkvæmt núgildandi lögum.

Virðingarfyllt,
f.h. Rolf Johansen & Co
Ásgeir Johansen
Framkvæmdastjóri